

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Innbær á Höfn.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir þéttingu byggðar, Innbær á Höfn, á fundi sínum 12. maí 2021.

Í deiliskipulaginu er mörkuð stefna um þéttingu byggðar í Innbæ á Höfn þar sem bætt er við 8 nýjum íbúðarlóðum og gert ráð fyrir byggingu einbýlis- og raðhúsa auk gatnagerðar, bílastæða, gangstétta og göngustíga. Deiliskipulagið tekur einnig til 16 þegar byggðra lóða og gerð er grein fyrir heimilugu byggingarmagni.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 20. maí 2021.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2021